Nr. 26.
3.
október.

Lög

um

hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll skip, sem eru 40 smálestir eða meira að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Komi skip optar á sama ári, skal það eigi greiða hafnsögugjald aptur, nema þegar það notar hafnsögumann.

Undanþegin hafnsöguskyldu eru þó herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr.

Hafnsögugjaldið greiðist eptir reglugerð og taxta, er landsstjórnin setur eptir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefur það lögtaksrjett.

3. gr.

Hafnargjaldkerinn á Ísafirði innheimtir hafnsögugjald það, er getur um í fyrstu málsgrein 1. gr., ásamt öðrum hafnargjöldum, en að öðru leyti innheimtir hlutaðeigandi hafnsögumaður gjöld þau, er ræðir um í lögum þessum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 26.
3die
Oktober.

Lov

om

Lodstvang i Købstaden Isafjord.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle Skibe, som have en Drægtighed af 40 Tons eller derover, skulle, hvad enten de benytte Lods eller ej, være pligtige til at erlægge en Afgift til Lodsvæsenet den første Gang de i Aarets Løb, ankomme fra Udlandet til Isafjord Købstad, saafremt de ankre op indenfor en Linie, som tænkes trukket fra Nordurtangi tværs over til den Sten i Kirkjubolshlid, som er Havnemærke.

Kommer Skibet oftere i det samme Aar, skal det ikke betale Lodsafgift igen, undtagen de Gange, da Lodsen faktisk benyttes.

Undtagne fra Lodstvang ere Orlogsskibe, Lystfartøjer og Fiskerskibe, som ere i indenrigske Personers Eje.

§ 2.

Lodsafgiften erlægges efter et af Regeringen efter Indstilling fra Bybestyrelsen i Isafjord fastsat Reglement og Taskt. Afgiften, der skal anvendes til Udgifter ved Lodsvæsenet i Isafjord, kan inddrives ved Udpantning.

§ 3.

Den i § 1 1ste Stykke omhandlede Afgift til Lodsvæsenet opkræves af Havnekassereren i Isafjord tillige med andre Havneafgifter, men iøvrigt opkræver vedkommende Lods de i denne Lov ommeldte Afgifter.

Nr. 26.
3. október.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. október 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1904.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.